

ERRÓ

„Matthías Johannessen hvatti mig eindregið til að sýna á þessari listahátíð. Ég ætlaði ekki að treysta mér með allar myndirnar en nú er ég feginn.“

„Ætli ég hafi ekki málað um tvö þúsund myndir á ævinni. Áður fyrr leiddist mér að þurfa að selja þær. En nú verð ég, því ég get ekki unnið ef vinnustofan er full af myndum. Í bígerð er að gefa út tvær stórar bækur um verk mín. Önnur fjallar um pólitísku myndirnar og kemur út í fimmtíu þúsund eintökum.“

Um frægð sína segir Erró: „Það var ekki endilega takmarkið að verða frægur. En frægðin læddist að mér hægt og sigandi og hún hefur hjálpað um margt, ha? Manni gefst kostur á að vinna með hæfu fólki. En stundum langar mig að hlaupa í felur. Margir eru svo ágengir, heimta peninga og allt mögulegt, myndir til að geta keypt sjúkrabíla fyrir fátækar þjóðir. Ég hef komist hæst í að gefa tíu myndir á einu ári og veit um eitt tilfelli þar sem ágóðinn rann ekki til réttra aðila.“

Nei, ég hef ekki orðið var við það að fólk hræsnir fyrir mér vegna þessa frama. Sumir telja þó að ég verði vinur þeirra ævi langt vegna þess að þeir hafa keypt eina mynd eða svo.“

Annars eru Frakkar rólegir í tíðinni og veita listamönnum sínum vissu aðhald. Þá á ég við að þeir blása þá ekki upp í fjölmörgum og gera þá ódauðlega á einum degi eins og vill verða í Ameríku.“

En mér finnast myndirnar mínar verða betri með ári hverju. Ef listamanni gengur vel, þá vinnur hann vel. Sjáðu Chagall níræðan og Miró 86 ára, báðir á toppnum.“

Ferðalög hafa mjög þroskandi áhrif á mig sem listamann. En nú á ég mér þann draum að setjast að nálægt sjónum hverfa aftur til náttúrunnar um tíma. París er þreytandi til lengdar, það nægir að dvelja þar í fjóra mánuði á ári.“

Myndirnar mínar sel ég í gegnum gallerí í París, New York, München og Milanó. Fæ ég fimmtíu prósent af ágóðanum. Ekki eru þó allir kaupahéðnar

í þessum bransa heiðarlegir. Ég gerði eitt sinn samning við arkitekt í Venezúela, sem vildi selja myndir eftir mig. Gekk

þetta eins og í sögu í þrjú ár, en þá stakk náunginn af með tuttugu myndir og ég hef ekki séð tangur né tetur af honum síðan.“

Talið snýst aftur að myndlist: „Ég verð að mála á hverjum degi. Það kemur þó fyrir að ég taki mér nokkurra vikna frí.“

Stíll minn sem áður var eitthvað í þá áttina að vera pop-surrealískur hefur breytt mikið síðastliðin fimm ár. Ég held ég sé að leita meir til endurreisnartímans. Ég vil mála heilar fígúrir, helzt á tíu metra breiðu lérefti. En ég vil alls ekki mála veggmyndir. Hins vegar væri það sniðugt að mála á breitt léreft, sem hægt væri að rúlla upp eins og arabísku teppi.“

Þessa stundina er ég að mála portret af gömlum, frönskum málurum. Þá er ég að stúdera bækur frá 16. öld, þar sem í


eru teikningar fyrir trésmíði. Það er gaman að hverfa aftur í tímann. Skemmtilegast finnst mér að skoða söfn. Fer alltaf á tveggja ára fresti á Pravdo-safnið á Spáni. Til Filippseyja fór ég gagnert til að leita uppi gamlar helgimyndir. En hvílik vonbrigði! alls staðar var Kristur málaður eins og indverskur hippi.“

Nei, ég er ekki trúður. Fer ekki í kirkju, nema hún sé vel skreytt, ha! En hjátrúarfullur er ég með afbrigðum og stundum finnst mér ég sjá hluti fyrir, sérstaklega þegar ég er hálfsofandi. Gæti þó verið að ég aðhylltist búddisma, sem leggur megin áherzlu á kynlíf og hollt líferni.“

Annars trúi ég á heppi og framtíðina. Í framtíðinni eru beztu minningarnar.“
— H.P.



Erró ásamt blm. Mbl. og aðstodarmönnum sínum við uppsetningu myndanna, en þeir eru Vignir Jóhannesson, Gunnar Örn, listmálari og Aðalsteinn Ingólfsson. — Ljós.: RAX



Anton Dolin stjórnar æfingu með íslenska dansflokknum

Undir áhrifum íslenzku þjóðlaganna

— Ballett þessi er eiginlega í sextuttum brotum og allt tónlist sem er byggð á þjóðlögum, ekki þó beinlínis útsetningar heldur er þetta eigin vinna á þeim, þar sem ég notfæri þau fremur sem grunn og útfæri síðan,“ sagði Jón Ásgeirsson, tónskáld, þegar Morgunblaðið bað hann að lýsa ballettónlistinni er hann leggur Íslenska dansflokknum til í sýningu hans á stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu.

„Upphaflega voru til þrjú kaflar af þessu, sem ég samdi fyrir allöngu,“ sagði Jón ennfremur, „en þegar enski ballettmeistarinn Yuri Chatal fór að leita eftir íslenskri músík til að semja dansa fyrir, valdi hann þessi brot en vildi fá meira. Ég bætti þess vegna við forspili og tveimur þáttum, og þeir byrja á basse-dans, sem er með elztu dönsnum í Evrópu, en síðan kemur Raunarolla, Krummavísur, Vísur Vatnsenda-Rósu og

Vikivaki. Allt eru þetta mismunandi gerðir af þjóðlögum og leikið af strengjakvartett og sembaló,“ sagði Jón.

Auk þessa balletts flytur Íslenski dansflokkurinn dans eftir hinn kunna ballettmeistara Anton Dolin, sem hingað er kominn og setur sjálfur á svið ballett þennan. Þriðji ballettinn er eftir Ingibjörgu Björnsdóttur, en hún hefur samið hann við þjóðlagarokk, sem Þursaflokkurinn hefur útfært og byggir á gömlum 17. aldar þjóðlögum. Byggja dansar þessir mjög á textum þjóðlaganna. Þursaflokkurinn flytur sjálfur þjóðlagarokkið á sviði Þjóðleikhússins. Allir félagar Íslenska dansflokksins koma fram í þessum þremur ballettum.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ, stóra sviðið — sunnudaginn 4. júní kl. 20 og mánudaginn 5. júní kl. 20.